


## Umsóknir um skólavist í framhaldsskólum 2005 Hvað réð vali nýnema á skólum?


[Rafræn innritun nýnema í framhaldsskóla](#) sem fór fram í fyrsta sinn vorið 2005 veitir mikilvægar og fróðlegar upplýsingar um í hvaða framhaldsskólum nemendur úr einstökum hverfum höfuðborgarinnar, bæjum eða landshlutum sóttu um skólavist. Gögnin sýna m.a. að hluti framhaldsskóla er fyrst og fremst hverfis- eða landshlutaskólar meðan umsóknir í aðra skóla koma að stærstum hluta frá nemendum utan hverfis. Síðar nefndu skólana er fyrst og fremst að finna í Reykjavík. Einnig má sjá að nýnema með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur sóttu hlutfallslega margir um skólavist í Reykjavík eða í öðrum nágrennasveitarfélögum.

Skoðum tvö dæmi um hvernig umsóknir nýnema, annars vegar úr *Reykjavík vestur* og hins vegar úr *Kópavogi*, dreifðust.

Myndin hér að neðan sýnir hlutfall umsókna nýnema úr *Reykjavík vestur* í einstaka framhaldsskóla. Athygli vekur að hæst hlutfall umsókna úr þessum borgarluta var um skólavist í [Menntaskólanum við Hamrahlíð](#), eða 18%, en [Menntaskólinn í Reykjavík](#) og [Kvennskólinn](#) fengu 15% umsókna hvor. [Lönskólinn í Reykjavík](#) fékk 6% umsókna.



Á mynd hér að neðan má m.a. sjá að einungis 29% umsókna nýnema úr *Kópavogi* bárust [Menntaskólanum í Kópavogi](#) og að umsóknir dreifðust mjög um höfuðborgarsvæðið. Menntaskólanum við Hamrahlíð bárust t.d. 11% umsókna og [Verzlunarskóla Íslands](#) 10%.



Talsvert breytt mynd sést ef athuguð er dreifing umsókna í skóla utan höfuðborgarsvæðisins. Þá kemur t.d. í ljós að af Akranessvæði fóru 57% umsókna nýnema til [Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi](#) og af Eyjafjarðarsvæðinu fóru 84% umsókna til [Mennskólans á Akureyri](#) og [Verkmennaskólans á Akureyri](#). Áréttað er að fréttin byggir á umsóknum um skólavist.

sjúkrahúsinu. Í samningi menntamálaráðuneytis og Ísafjarðarbæjar frá 2003 er kveðið á um að heildarkostnaður við öll húsin verði um 418 millj. kr. og þar af greiðir ríkissjóður samtals 251 millj. kr. eða 60%. Samningur Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhússins kveður á um að bærinn veiti 70 millj. kr. til uppbyggingar hússins og einnig eru kvaðir um nýtingu þess í samræmi við 2. gr. samnings ráðuneytisins og bæjarins. Væntanlega verður hægt að ljúka framkvæmdum fyrir það fé sem bærinn leggur fram og er þá eftir að afla tækjabúnaðar fyrir fjölnotasal hússins o.fl. og verður unnið að því samhlíða öðrum framkvæmdum.

### 10 skref til sóknar

Verkefnisstjórn um samkomulag menntamálaráðherra og [Kennarasambands Íslands](#) um 10 skref til sóknar í skólastarfi og skólaumbótum hefur samið greinargerð um meginsjónarmið sem hún leggur til við útfærslu samkomulagsins. Verkefnisstjórnin er skipuð fulltrúum menntamálaráðuneytis og Kennarasambandsins. Vinna í flestum nefndum og starfshópum er hafin eða mun hefjast á næstu dögum. Bundnar eru miklar vonir við starfið framundan og að það skili góðum tillögum um enn betra skólakerfi og skólustarf. Greinargerð verkefnisstjórnar er að finna í heild sinni á [www.namsskipan.is](#).



### Að læra á lífið – lífsleikni í nútíð og framtíð

Ráðstefna menntamálaráðuneytis [Að læra á lífið – lífsleikni í nútíð og framtíð](#) var haldin þann 29. maí sl. Rúmlega 100 kennarar og skólalastjórnendur af öllum skólastigum sóttu ráðstefnuna auk ýmissa hagsmunaaðila og annarra.

Conor Harrison frá Dublin á Írlandi var aðalfyrirlesari ráðstefnunnar, en Harrison er framarlega á sviði kennaramenntunar, bæði í félagsfræði og lífsleikni með áherslu á kennslu í borgaravítund, *Civic, Social and Political Education*, (CSPE). Á ráðstefnunni kynnti hann m.a. hvernig unnt er að kenna lífsleikni og borgaravítund á lifandi hátt og sýndi það með

því að virkja ráðstefnugesti til þátttöku. Erla Kristjánsdóttir í [KHÍ](#) flutti erindi um áhrif lífsleikni á námsárangur. Sesselja Snævarr í menntamálaráðuneyti og Fanný Gunnarsdóttir í [Álftamýrarskóla](#) gerðu grein fyrir endurskoðun aðalnámskrár í lífsleikni fyrir grunn- og framhaldsskóla og kynntu niðurstöður könnunar sem gerð var í tengslum við hana. Meðal þess sem niðurstöður leiða í ljós er að námsgreinin lífsleikni stendur sterk í íslensku skólakerfi og að nálgun skólanna er mismunandi bæði innan og milli skólastiga. Einnig voru kynntar helstu áherslubreytingar í drögum að námskránni, s.s. áhersla á borgaravítund. Loks voru á ráðstefnunni kynnt verkefni í lífsleikni frá Borgarhóltsskóla, Vogaskóla og Leikskólanum Síðuselí sem öll báru vott um metnaðarfullt starf í skólum. Unnt verður að nálgast glærur fyrirlesaranna á [vef ráðuneytisins](#).

### Edinborgarhúsið á Ísafirði

Stór áfangi í uppbyggingu Edinborgarhússins á Ísafirði náðist nýverið þegar undirritað var samkomulag um fjórframlög Ísafjarðarbæjar til að endurgera húsið.

Edinborgarhúsið á Ísafirði er eitt menningarhúsa bæjarins ásamt Hömrum, sal Tónlistarfélagins og bókasafninu í Gamla